

**Sp.**

**267. Fyrirspurnir.**

[140. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði.

Frá Gunnari Gíslasyni.

Hvað líður athugun á aðstöðu til virkunar í Jökulsá eystri í Skagafirði?

II. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um heimild til rekstrar annarrar lyfjabúðar í Hafnarfirði.

Frá Stefáni Gunnlaugssyni.

Með skírskotun til endurtekinna tilmæla bæjaryfirvalda Hafnarfjarðar til heilbrigðismálaráðuneytisins um rekstur annarrar lyfjabúðar í Hafnarfirði er óskað svars við eftirfarandi:

Þar sem knýjandi er, að stofnsett verði lyfjabúð í „Norðurbæ“ í Hafnarfirði tafarlaust vegna ört vaxandi fólksfjölda og dreifingar byggðarinnar, vill ráðherra hlutast til um, að gerðar verði nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir í þeim efnum?